

Tillaga til 490. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. febrúar 2022

Tillaga frá 576. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 2. febrúar 2022, um að bæjarstjórn geri samkomulag við Skeið ehf. og Vestfirskra Verktaka ehf. vegna lóða við Hafnarstræti 15 og 17 og Pollgötu 2 og 6, á Ísafirði, skv. 6. grein í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar frá 2011.

„Bæjarstjórn er heimilt að úthluta svæðum til uppbyggingar til verktaka án þess að lóðir á viðkomandi svæði séu auglýstar til úthlutunar skv. gr. 1.1. Í slíkum tilvikum skal gerður samningur á milli aðila þar sem m.a. skal kveðið á um afmörkun svæðisins, byggingahraða og tryggingar fyrir greiðslu gatnagerðagjalda.“

Lóðir á horni Suðurgötu og Njarðarsunds, einnig lóð á horni Mjósunds og Aðalstrætis, eru ekki lausar til úthlutunar.

1. Fyrirspurn um lóðir frá Skeið ehf. - 2022010052

Garðar Sigurgeirsson, f.h. Skeiðs ehf. og Vestfirskra verktaka ehf., mætir til fundar við nefndina vegna óska þeirra um sex lóðir á Ísafirði fyrir byggingu fjölbýlishúsa, þ.e. 40-50 íbúðir. Sótt er um lóð við Hafnarstræti 15 og 17 (sameinaðar), Pollgötu 2, Pollgötu 6, lóð að horni Suðurgötu og Njarðarsunds, og lóð að horni Mjósunds og Aðalstrætis.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að bæjarstjórn geri samkomulag við Skeið ehf. og Vestfirskra Verktaka ehf. vegna lóða við Hafnarstræti 15 og 17 og Pollgötu 2 og 6, á Ísafirði, skv. 6. grein í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar frá 2011.

„Bæjarstjórn er heimilt að úthluta svæðum til uppbyggingar til verktaka án þess að lóðir á viðkomandi svæði séu auglýstar til úthlutunar skv. gr. 1.1. Í slíkum tilvikum skal gerður samningur á milli aðila þar sem m.a. skal kveðið á um afmörkun svæðisins, byggingahraða og tryggingar fyrir greiðslu gatnagerðagjalda.“

Lóðir á horni Suðurgötu og Njarðarsunds, einnig lóð á horni Mjósunds og Aðalstrætis, eru ekki lausar til úthlutunar.